

Minnisblað

1312019 - Hraðlest fluglest

Á fundi bæjarráðs 7. apríl 2016 voru lögð fram drög að samtarfssamningi um skipulagsmál vegna hraðlestar á milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins. Niðurstaða fundarins var eftirfarandi: *Bæjarráð óskar eftir álitni bæjarlögmanns og vísar málinu til umsagnar skipulags- og byggingarráðs.*

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins nefnist *Höfuðborgarsvæðið 2040*. Höfuðborgarsvæðið 2040 er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náíð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Hryggjarstykkið í stefnunni er Borgarlína, nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengir kjarna sveitarfélaganna og flytur farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið. Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir borgarlínu

Í framlögðum samningi segir að aðkoma SSH og sveitarfélaganna í verkefninu byggist m.a. á ákvæði 3.2.5. í gildandi svæðisskipulagi. Þar segir: *Kanna til hlítar möguleika og hagkvæmni þess að tengja nýtt hágæðakerfi almenningssamgangna við Keflavíkurflugvöll.*

Samningsaðili SSH og sveitarfélaganna skv. framlögðum samningi er Fluglestin-þróunarfélag ehf, sem er einkahlutafélag sem stofnað var í júní 2016. Hlutfé félagsins er kr. 500.000. Tilgangur félagsins er skv. hlutfélagaskrá: *undirbúningur að byggingu og bygging hraðlestar á milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.* Ekki er vitað hverjir eru hlutahafar í félaginu en stofnendur eru: Deloitte ehf., Reykjavíkurborg, RRV ehf., Ístak hf., Landsbankinn hf., Efla hf., Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Reitir fasteignafélag hf. og Þróunarfélag Keflavíkur ehf.

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs 3. maí s.l. var eftirfarandi bókað: *„Skipulags- og byggingarráð bendir á að í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir borgarlínu sem mun fara svipaða leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og fyrirhuguð hraðlest. Undirbúningur borgarlínunnar*

er þegar hafinn og leggur skipulags- og byggingarráð til að ekki verði teknar ákvarðanir varðandi hraðlest á meðan unnið er að borgarlínunni.

Hafnarfjörður á mikilla hagsmuna að gæta í því að vel takist með borgarlínuna. Með framlögðum samningsdrögum fylgir fylgiskjal merkt A. Á fylgiskjalinu kemur fram áætluð lestarleið. Frávíksleiðir A, B og C. Eins og segir í bókun skipulags og byggingarráðs þá er áætluð lestarleið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur svipuð og gert er ráð fyrir í borgarlínunni. Telja verður æskilegt að að þróun borgarlínu sé komin lengra áður en tekin er afstaða til hraðlestar.

Í framlögðum drögum að samningi eru þónokkur ákvæði sem verða talin íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir kostnaðarþátttöku þeirra, að þau skilgreini nauðsynlegar lóðir í deiluskipulagi og haldi þeim til haga fyrir mögulega hraðlest. Þá eru ákvæði um að ekki megi taka þátt, eða gerast aðili með beinum eða óbeinum hætti, í sambærilegu verkefni með öðrum aðilum en þróunarfélaginu.

Nú þegar eru þó nokkur fyrirtæki sem sinna ferðum frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Ef boðið verður upp á ferðir með hraðlest frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur má gera ráð fyrir að það hafi veruleg áhrif á þau fyrirtæki sem nú sinna þessum flutningi.

Gæta verður að samkeppnissjónarmiðum og reglum stjórnarsýsluréttar um opna stjórnarsýslu og jafnræði.

Lagt er til að áður en framlögð drög verði skoðuð frekar leiti SSH lögfræðialits um fyrirbyggjandi drög að samningi meðal annars með tilliti til samkeppnissjónarmiða og þeirra skuldbindinga sem gert er ráð fyrir að sveitarfélögin taki á sig gagnvart þróunarfélaginu.

Hafnarfirði, 27. júní 2016

Sigríður Kristinsdóttir hrl.
bæjarlögmaður.